

b/v Nelly Suzanne, eru upptæk ger og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 155/1953. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Carbon Honoré (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýj-
aða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og
Þorsteinj Jónssyni.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimanna-
skólans markað á sjóupprátt stað varðskeysins, er það stað-
næmdist kl. 0.025 þann 16. september þ. á. og setti út dufl í
kjölfar togara ákærða. Reyndist staðurinn vera 1,6 sjómílu
innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru
leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði
gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem þar er vitnað til. Með
þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar
hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega stað-
festa hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst
4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun
skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00
til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Carbon Honoré, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 17. sept. 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn Carbon Honoré, skipstjóra á belgíska togaranum Baltic III, O 118, frá Ostende, til heimilis í Ostende, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot gegn 1. grein laga nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. 1. grein laga nr. 82 8. desember 1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara laust eftir miðnætti hinn 16. þ. m. suðaustur af Ingólfshöfða, 1,6 sjómilur innan landhelgislinunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 8. marz 1952, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948. Þær kröfur eru gerðar af ákærvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951 og afli og veiðarfæri togarans verði gerð upptækur og ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Carbon Honoré, er fæddur í Ostende 6. maí 1896, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt neinni ákæru eða refsingu hér á landi.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt frásögn skipherrans á varðskipinu Þór var varðskipið á eftirlitsferð vestur með Tvískerjum að kvöldi þess 16. þ. m. Kl. 00.04 sást togari í ratsjanni, er var grunsamlega nærri landi. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 258° eftir ratsjá, fjarlægð 6,6 sm. Var togarinn þá aðeins á bakborða. Stefna Þórs 230° réttvísandi. Vegmælir 9,2.

Kl. 00.10 miðast Ingólfshöfði 264° réttvísandi, fjarlægð 3,5 sm.

Kl. 00.14 miðast Ingólfshöfði í réttvísandi 271°, fjarlægð 4,5 sm. og togarinn í 231 réttvísandi, fjarlægð 2,0° sjóm. Sama stefna. Vegmælir 11,7.

Kl. 00.18 vegmælir 12,7, miðast togarinn í réttvísandi 244°, fjarlægð 0,8.

Kl. 00.25 stanzað í kjölfari togarans og dufl sett út. Dýpi 56 metrar. Vegmælir 13.6. Samtímis var kallað til togarans í gjallarhorni að nema staðar. Var hann þá að toga með stjórnborðsvörpu sinni og byrjaði hann rétt á eftir að vinda inn vörpu sína.

Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði miðast í réttvisandi 290°, fjarlægð 3,1. Og Salthöfði (hápunktur) miðast í réttvisandi 338°, fjarlægð 5,9 sm. Gefur þetta staðinn 1,6 sjómílu innan landhelgislínu.

Síðan var skipstjórinn, ákærði í máli þessu, sóttur, og honum bent á, að hann væri að landhelgisveiðum. Viðurkenndi hann, að svo væri og kenndi um þoku.

Var honum sýnt í ratsjána, hvar hann væri og einnig dýpið, og kveður skipherrann, að ákærði hafi viðurkennt, að staðarákvarðanir varðskipsins væru réttar.

Var ákærða þar næst tilkynnt, að hann yrði að fara til Vestmannaeyja. Síðan var haldið þangað og lagzt við bryggju þar um sjöleytið í gærkvöldi.

Er skipið var tekið, var logn og þoka, sjór SV 3.

Skipherrann á varðskipinu Þór staðfesti skýrslu þessa fyrir réttinum. Allar mælingar kvað hann hafa verið gerðar af I. og II. stýrimanni undir eftirliti sínu og taldi þær fullkomlega öruggar. Þær voru framkvæmdar með „gíro“-áttavita og ratsjá.

I. og II. og III. stýrimaður varðskipsins, þeir Garðar Pálsson, Magnús Hilmar Björnsson og Gunnar Ólafsson, mættu einnig fyrir réttinum og kváðu skýrslu skipherra að öllu leyti rétta. Kváðust I. og II. stýrimaður hafa framkvæmt allar staðarákvarðanir undir eftirliti skipherra og töldu, að þær væru fullkomlega öruggar.

Ákærði viðurkenndi fyrir réttinum, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi í umrætt skipti. Véfengdi hann ekki skýrslu varðskipsins að neinu leyti né mælingar þess, er hann kvaðst telja réttar. Þó tók hann fram, að dýptarmælir togarans hafi sýnt 34 faðma. Með tilliti til dýpisins kvaðst ákærði hafa haldið, að hann væri utan við landhelgislínu. Einnig hafi þoka villt sér sýn og hafi hann ekki vitað nákvæmlega, hvar hann var staddur.

Með framburði skipherra varðskipsins og framburðum I., II. og III. stýrimanns varðskipsins, sem að ofan er lýst, og með játningu ákærða sjálfs verður að telja sannað, að ákærði hafi um miðnætti aðfaranótt þess 16. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu Baltic III, O 118, suðaustur af Ingólfshöfða, 1,6 sjómílu innan landhelgislínu. Hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, sbr. lög nr. 82/1952, sbr. 1. málsgrein 1. gr. laga nr. 5 frá 1951. Samkvæmt mælingabréfi er togarinn Baltic III, O 118, að stærð 184.98 rúmlestir brúttó, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi íslenzkrar krónu í dag þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlacrónum.

Þar eð ákærði hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni, þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, hæfilega varðheim 10000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri um borð í b/v Baltic III, O 118, þar með taldir dragstrengir, skulu ger upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Carbon Honoré, greiði kr. 10.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í b/v Baltic III, O 118, skulu gerð upptæk og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 186/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Theódór B. Líndal)

gegn

Keflavík h/f (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmar Hæstaréttar.

Ágreiningur um vexti af eignarnámsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1952. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða kr. 1900.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Hinn 27. apríl 1944 krafðist atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að eignarnámi yrðu teknir til handa ríkissjóði 218 ha af landi stefnda. Tveir dómkvaddir menn mátu því næst